

Fálkinn Ísmar ehf  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

Reykjavík, föstudagur, 5. júlí 2024  
UST202306-063/F.K.  
07.05.02

### Niðurstaða eftirlits - Hættulegar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dagsett þann 21.2.2024 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag hjá Straumrás ehf. og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins.

Markmið eftirlitsins er að skoða hvort flokkun og merkingar varanna sem féllu undir umfang eftirlits væru í samræmi við núgildandi reglugerðir og hvort umbúðir varanna uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP reglugerð ásamt reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 um sama efni. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vörurnar samræmast kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins og Fálkinn ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu á, var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Berner Zinc spray, 98% (400 mL)	4039286957889

Frávík frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í eftirfarandi töflu:

Vara	Lýsing	Birgir <sup>1</sup>
Berner Zinc spray, 98% (400 mL)	1. Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.	Fálkinn Ísmar

<sup>1</sup> Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

	<p>2. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. <i>Viðvörðunarrorð</i> í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.</li><li>b. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</li><li>c. Hættumerki í samræmi við hættuflokkun sbr. d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í l. viðauka. Athugið að hættumerki í öryggisblaði eru færri en á vörunni. Hugsanlega tengist þetta flokkun á innihaldsefni (sjá. 3.a. hér að neðan).</li><li>d. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</li></ul> <p>3. Öryggisblöð sem afhent skulu viðtakanda efnisins þurfa að uppfylla kröfur II. viðauka við REACH sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. REACH. Eftirfarandi frávik frá kröfum II. viðauka fundust í þeim liðum öryggisblaðsins með vörunni sem féllu undir umfang eftirlitsins.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Í lið 3.2 þarf að lagfæra skráningu fyrir innihaldsefnið leysinafta (CAS nr. 64742-95-6). Í uppgefna flokkun skortir hættuflokka skv. samræmdri flokkun (raðnúmer 649-356-00-4) auk þess sem skráningarnúmer vantar. Athugið að þetta getur einnig haft</li></ul>	
--	--	--

	<p>áhrif á flokkun blöndunnar.</p> <p>b. Í 16. lið skulu koma fram upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu ef um endurskoðað öryggisblað er að ræða og, ef við á, skýringar á breytingunum nema greint hafi verið frá þeim annars staðar í blaðinu.</p> <p>c. Í 16. lið skulu koma fram tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn. Í tilfelli blöndu er rétt að tilgreina hvaðan upplýsingar um innihaldsefnin koma.</p> <p>d. Í 16. lið skal tilgreina hvaða aðferð var notuð við að hættuflokka blönduna.</p>	
--	--	--

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um merkingar efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

**Umhverfisstofnun veitir Fálkinn Ísmar ehf. frest til 30.8.2024 til að senda stofnuninni uppfærð öryggisblöð á íslensku eða ensku (sjá frávík í töflu). Einnig skal fyrirtækið senda uppfærða merkimiða fyrir vöruna Berner Zink Spray, 98% varðandi hættuflokkun og tungumálakröfu (íslensku) og frávika sem eru tilgreind í töflu í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablandna.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202306-063.**

**Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á vörulager og á sölustöðum verði endurmerktar með uppfærðri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun veitir Fálkinn Ísmar ehf. hér með frest til 23.8.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 23.8.2024. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 23.8.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um öryggisblöð <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>, flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/> og þvotta- og hreinsiefni <https://ust.is/atvinnulif/efni/thvotta-og-hreinsiefni/> er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar í síma 591-2000 eða í gegnum netföng Fífu Konráðsdóttur [fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is), Ísaks Sigurjóns Bragasonar [isak.sigurjon.bragason@umhverfisstofnun.is](mailto:isak.sigurjon.bragason@umhverfisstofnun.is) og Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur [bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta

Virðingarfyllt

Fífa Konráðsdóttir,  
**sérfræðingur**

Bergdís Björk Bæringsdóttir,  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla